

# Fundur í skólanefnd

miðvikudaginn 2. september 2015 kl. 16:15-18:00

**Mættir voru:** Dóra, Erna, Eva, Halldór, Hanna, Herdís, Kolbrún Ada, Róbert, Valdimar og Þorkell.

**Forföll boðuðu:** Lilja og Trausti og komu því Kolbrún Ada og Hanna í þeirra stað.

**Fundarstjóri:** Erna.

**Fundarritari:** Herdís.

Erna setti fyrsta fund skólaársins 2015-2016. Dóra bauð nýtt skólanefndarfolk sérstaklega velkomið en nýliðar eru Valdimar, sem situr í nefndinni sem fulltrúi kennara, og Eva Matthildur, sem situr fyrir hönd nemenda.

## 1. Starfsmannamál

Dóra kynnti starfsmannalista FSH og greindi frá störfum hvers og eins.

## 2. Nemendatölur

Herdís greindi frá nemendatölum vorannar 2015 og þróun síðustu ára í þeim efnum.

## 3. Rekstur og framkvæmdir

Dóra kynnti rekstraryfirlit fyrstu 7 mánaða ársins 2015. Rekstur skólans er í jafnvægi.

## 4. Starfshópur um framtíð framhaldsskóla á Norðaustursvæði

Halldór greindi frá því að í sumar hefði Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að móta framtíð framhaldsskóla á Norðurlandi eystra. Í starfshópnum eru:

Þórunn Jóna Hauksdóttir, formaður, án tilnefningar

Ólafur Sigurðsson, án tilnefningar

Gísli Þór Magnússon, án tilnefningar

Lára Stefánsdóttir skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga

Jón Már Héðinsson skólameistari Menntaskólans á Akureyri

Hjalti Jón Sveinsson skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri

Dóra Ármannsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík

Hallur B. Reynisson skólameistari Framhaldsskólans á Laugum

Steinunn María Sveinsdóttir, tilnefnd af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar  
Laufey Petrea Magnúsdóttir, tilnefnd af Eyþingi  
Halldór Valdimarsson, tilnefndur af Eyþingi

Jafnframt hefur Svanfríður Inga Jónasdóttir verið fengin til að taka að sér verkefnisstjórn en hún rekur ráðgjafarfyrirtækið Ráðrík ehf.

Halldór greindi jafnframt frá því að hann hefði haft frumkvæði að því að kalla saman fund með skólameisturum framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslum, meðstjórnendum þeirra og formönnum skólanefnda, þar sem rætt hefði verið hvaða sýn þessir skólar hefðu á framtíð framhaldsskólastarfs í Þingeyjarsýslum. Á fundinum kom fram mikill áhugi fyrir því að stofnanir, sem sinna fræðslu á framhaldsskólastigi í Þingeyjarsýslum, tækju upp samstarf fremur en að farið yrði í samstarf við framhaldsskóla lengra í burtu. Ákveðið var að boða til fundar með þekkingarneti Þingeyinga og þar kom jafnframt fram áhugi fyrir þingeysku samstarfi á framhaldsskólastigi.

Dóra greindi frá því að Svanfríður Jónasdóttir, verkefnisstjóri starfshópsins um framtíð framhaldsskólastarfs á Norðurlandi eystra, hefði nýlega heimsótt FSH og litist mjög vel á hugmyndir um þingeyskt samstarf á framhaldsskólastigi.

Lögð var fram tillaga um að stjórnendur FSH og formaður skólanefndar fengju umboð skólanefndar til þess að kynna hugmyndir um samstarf FSH, FL og ÞÞ fyrir starfshópi um stöðu og framtíð framhaldsskóla á Norðurlandi eystra og lýstu fundarmenn yfir einróma stuðningi við þá tillögu.

## **5. Nýskapandi samfélag í Norðurþingi**

Dóra greindi frá því að áhugi er fyrir því í FSH að nýta verkefnið til þess að þróa nýja námsbraut í skólanum í tengslum við nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Þekkingarnet Þingeyinga heldur utan um verkefnið ásamt Jóhönnu Ingvarsdóttur verkefnisstjóra. Nýverið festu FSH og ÞÞ í sameiningu kaup á laserskurðarvél sem ætlunin er m.a. að nýta í tengslum við starf á nýrri braut.

## **6. Önnur mál**

Dóra sagði frá því að ný stjórn nemendafélags FSH, NEF, væri tekin til starfa. Stjórnina skipa:

Eva Matthildur Benediktsdóttir formaður  
Lovísa Björk Sigmarsdóttir gjaldkeri  
Nína Björk Friðriksdóttir ritari  
Telma Rós Hallsdóttir varaformaður  
Sæþór Olgeirsson meðstjórnandi

Jafnframt er Ófeigur Óskar Stefánsson varamaður.

Einnig greindi Dóra frá því að ný stjórn leikfélagsins Þíramusar og Þispu hefði verið kosin. Stjórnina skipa:

Huld Grímsdóttir formaður

Hafdís Rún Höskuldsdóttir gjaldkeri  
Hrefna Jónsdóttir  
Dagný Anna Ragnarsdóttir  
Halldóra Björg Þorvaldsdóttir.

Fleira var ekki rætt,  
fundi slitið.